

A 1912/UHN

Flytjandi Norrænt frelsi
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Þingmannatillaga um norrænt samstarf um aðgerðir gegn ágengum tegundum

Tillaga

Norrænt frelsi leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að vinna saman að því að koma í veg fyrir landnám ágengra tegunda og fylgjast með og berjast gegn þeim sem fara yfir landamæri landanna,

að skapa starfsvettvang sem fari með hlutverk miðstöðvar samstarfs og miðlunar þekkingar og reynslu milli Norðurlandanna um ágengar tegundir og aðgerðir gegn þeim og

að eftir atvikum veita aðgerðahópum á vegum ríkisins aðgang að einkalandi í því skyni að berjast gegn ágengum tegundum.

Skýring

Meðal þeirra ógna sem steðja að líffræðilegri fjölbreytni er landnám framandi ágengra tegunda ein sú stærsta.

Ágengar framandi tegundir eru tegundir sem af mannavöldum hafa verið fluttar úr upphaflegu umhverfi sínu og byrja svo í nýju umhverfi sínu að dreifa sér hratt og valda miklu tjóni, til dæmis á vistkerfinu, landbúnaði, skógrækt, innviðum og heilsu fólks. Þær hafa þegar í dag mikinn kostnað í för með sér. Samkvæmt SLU tegundagagnagrunninum hefur verið reiknað út að árleg útgjöld Svíþjóðar nemi 1,1–4,5 milljörðum sænskra króna, Evrópusambandsins 9,6 milljörðum evra og Bandaríkjanna u.þ.b. 100 milljörðum dollara.

Ágengar tegundir geta borist eftir ólíkum leiðum. Þar getur verið um að ræða sleppingu af ásettu ráði eins og í tilviki marðarhundsins, óviljandi flutning í flutningabílum eins og í tilviki steinmarðarins, kjölfestutanka og bátsbotna, í vinnu, í jarðvegsflutningi, í formi óhreininda í útsæði, með smituðu plöntuefni, innflutningi einstaklinga og einnig í formi nýrra framandi plöntutegunda o.fl.

Að finna finna ágengu tegundirnar sem fyrst og útrýma þeim er mjög kostnaðarhagvæmt. Fullt tilefni er fyrir Norðurlöndin að eiga samstarf um



eftirlitsaðferðir og eftirlitsgögn.

Sama á við um aðgerðir gegn tegundunum. Þegar barist er gegn ágengum tegundum, sem eiga auðvelt með að breiðast út, er samræming mikilvæg og oft skiptir sköpum ef hægt er að berjast samtímis gegn tegundinni á stóru svæði. Baráttuaðferðir þróast einnig með tímanum. Val aðferða og þrautseigja eru einnig mjög mikilvægar leiðir til árangurs.

Aðgerðirnar gegn marðarhundinum eru gott dæmi um mikilvægi vals aðferða og hvaða þættir skipta sköpum um aðgerðirnar. Með því að veiða marðarhunda, vana þá og sleppa þeim aftur með sendi um hálsinn gat aðgerðahópurinn fundið aðra marðarhunda með þeim dýrum sem báru senda, án þess að eiga á hættu fjölgun dýranna. Á þann hátt gat lítill aðgerðahópur á aðeins fimmtán árum útrýmt marðarhundinum í Svíþjóð ásamt þeim nýju dýrum sem ár hvert koma frá Finnlandi. Það sem réði úrslitum var að aðgerðahópurinn hafði aðgang að öllu einkalandi þegar þörf krafði. Ekki er hægt að sleppa aðgerðum á einu svæði. Áhugasamur hópur veiðimanna auðveldar einnig aðgerðir og sú staðreynd að núorðið er heimilt í Svíþjóð að koma fyrir myndavélum til að fylgjast með dýralífi.

Í dag fer fram ákveðið samstarf um ágengar tegundir úr hópi rándýra. Norðurlandaráð ætti að vinna að samstarfi um fleiri tegundir og öflugra norrænu samstarfi eins og tillagan mælir fyrir um, auk þess að allir norrænir aðgerðahópar sem berjast gegn ágengum tegundum fái aðgang að öllu landi eftir þörfum.

Norðurlöndum, 25. janúar 2022

Angelika Bengtsson (SD)

Aron Emilsson (SD)

Kaisa Juuso (saf)

Liselott Blixt (DF)

Lulu Ranne (saf)

Mette Dencker (DF)

Riikka Purra (saf)

Staffan Eklöf (SD)

Vilhelm Junnila (saf)